

# Byggðasafn Dalamanna

## Ársskýrsla 2012

Þrátt fyrir allnokkrar endurbætur í sýningarrými safnsins og sýningum þess er mikið starf enn óunnið. Á stundum þykir hægt ganga að komast yfir það sem gera þarf og enginn skortur á hugmyndum að verkefnum. En þegar ekki er hægt að gera allt í einu snýst málið einfaldlega um að forgangsraða og nýta tímann. Með því móti má koma allnokkru í verk með góðra manna hjálp. En nokkuð er víst að 50% starfshlutfall safnvarðar var fullnýtt árið 2012.

### Stjórn safnsins

Stjórn safnsins skipar Menningar- og ferðamálanefnd Dalabyggðar. Í nefndinni sitja Herdís Erna Gunnarsdóttir kennari í Búðardal formaður, Halla Sigríður Steinólfsdóttir bóndi í Ytri-Fagradal, Íris Björg Guðbjartsdóttir skólaliði í Búðardal (í fæðingarorlofi), Ólafur Skagfjörð Gunnarsson bóndi í Þurranesi og Jón Egill Jóhannsson bóndi á Skerðingsstöðum varaformaður. Í árslok sátu í varastjórn Kolbrún Haukdal Jónsdóttir forstöðumaður á Fellsenda, Eyjólfur Ingvi Bjarnason sauðfjárræktarráðunautur í Ásgarði og Rebecca C. K. Ostfeld bóndi í Hólum. Sr. Óskar Ingi Ingason og Freyja Ólafsdóttir fluttu úr héraðinu á árinu og því ekki lengur kjörgeng.

### Starfsfólk og sjálfbóðaliðar

Safnvörður í 50% starfshlutfalli er Valdís Einarsdóttir safnastjóri Dalabyggðar. Safnastjóri er jafnframt í 25% starfshlutfalli sem héraðsskjalavörður.

Sjálfbóðaliðar í afleysingum í sumaropnun voru fyrrum starfsmenn safnsins, þau Björn Stefán Guðmundsson fyrrv. kennari, Guðbjörg Björnsdóttir kennari og Eyjólfur Ingvi Bjarnason sauðfjárræktarráðunautur. Þá dvaldi Sigríður Ósk Jónsdóttir 9 ára grunnskólanemi nokkra daga á safninu og veitti barnaleiðsögn fyrir þá sem það vildu.

Við skipulagningu og hugmyndavinnu að endurbótum komu að Bogi Kristinsson byggingafulltrúi, Svavar Garðarsson, Viðar Ólafsson, Halla S. Steinólfsdóttir ofl.

Steingrímur Hjartarson bóndi á Fossi og Guðmundur Kristján Gíslason bóndi í Ytri-Fagradal unnu endurgjaldslaust gott verk við niðurrif veggja og flutning stærri muna á safninu, ásamt Jóni Agli Jóhannssyni bónda á Skerðingsstöðum.

Öllum sjálfbóðaliðum safnsins eru þökkuð góð störf á árinu.

### Stofnskrá og stefnumörkun

Ný stofnskrá Byggðasafns Dalamanna bíður enn samþykkis safnaráðs. Frágangur nýrrar safnastefnu sett í bið þar sem ný safnalög voru í þann mund að taka gildi, auk annarra anna.

## Húsnæði

Aðstaða safnsins og sýningar höfðu verið nær óbreyttar síðastliðin 15-30 ár. Nokkrar endurbætur áttu sér stað á húsnæðinu á árinu. Stærstur hluti safnsins var málaður, brotnir niður veggir og nær allar sýningar safnsins endurskipulagðar.

Unnið var að tiltekt á lagnagöngum, þannig að unnt sé að nýta þá sem geymslur í framtíðinni.

## Safnkostur og skráningar

Safninu bárust nokkrar gjafir á árinu. Erfingjar Guðmundar Guðbrandssonar bónda á Hóli í Hörðudal gáfu hluta af innbúinu á Hóli, fjölda ljósmynda og skjala sem fóru á Héraðsskjalasafn Dalasýslu. Meðal gripa var kirkjubekkur frá Hjarðarholti í Laxárdal, keyptur á uppboði um 1904 og notaður sem eldhúsbekkur síðan. Þá má nefna smíðagripi eftir Sigurð Hólm Sæmundsson í Gröf í Laxárdal, ljósmyndasafn Leikklúbbs Laxdæla og fleiri góðir munir og ljósmyndir bárust safninu. Gefendum er þakkaður góður hugur til safnsins.

Lítið var skráð inn í Sarp á árinu vegna annarra anna. Eldri skráningar þó lauslega yfirfarnar í tengslum við flutning gagna.

## Sýningar og önnur miðlun

Sýningarrými safnsins var lagfært nokkuð á árinu og því þurfti að taka niður nær allar sýningar safnsins yfir veturinn. Nær allar sýningar safnsins voru endurskipulagðar og nokkrar settar í geymslu þar til síðari hluti lagfæringa verður, áætlað 2014/2015. Nýir munir eru komnir inn og betri yfirsýn um hvað er til sýningar. En eftir er að bæta merkingar.

Byggðasafn Dalamanna og Héraðsskjalasafn Dalamanna í samráði við Skarðsstrendinga settu upp sýningu í samkomuhúsinu Röðli á Skarðsströnd um sögu Umf. Vöku og hússins.

Nemendur þriðja bekkjar í Auðarskóla komu í heimsókn að kynna sér mjólkurvinnslu og fleira tengt búskaparháttum í tengslum við nám um þjóðhætti.

Safnið stóð ekki fyrir neinum viðburðum á árinu, fyrirlesturum né nokkurri útgáfustarfsemi.

## Opnunartímar og aðsókn

Vegna endurbóta á safninu var það lokað til 1. júní. Undantekningar voru þó gerðar á vordögum fyrir þrjá skólahópa, sem fengu að skoða þann hluta safnsins sem þá var orðinn sýningarhæfur. Safnið var opið daglega 1. júní til 31. ágúst, kl. 13-18. Eftir þann tíma var safnið opið eftir samkomulagi.

Skráðir voru 467 gestir á árinu, flestir Íslendingar í sumaropnun. Erlendum ferðamönnum fjölgaði þó nokkuð.

## Rannsóknir

Rannsóknir á vegum safnsins vörðuðu nær allar nánari upplýsingasöfnun um einstaka muni og þá sem þeim tengjast. Áfram var unnið að því að bera kennsl á fólk á ljósmyndum eftir því sem tækifæri gefast.

Í samstarfi við Skarðsstrendinga og samkomuhúsið Röðul á Skarðsströnd var lagst í nokkra upplýsingaöflun varðandi sögu Umf. Vöku og hússins. Úr þeim gögnum var síðan unnin sýning í Röðli.

Í tengslum við bæjarhátíð í Búðardal var farið í rannsóknir á siglingum inn á Hvammsfjörð og forsögu þess að staðurinn varð til.

Í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því sími var lagður fyrst í Dalina var hafist handa að safna hringingum bæja fyrir allar sveitir.

## Mat á starfsemi

Ekki þóttu forsendur til að gera skipulagðar skriflegar skoðanakannanir á árinu. En þess gætt að gefa safngestum gott tækifæri til að tjá sig um safnið og sýningar þess. Meðal annars hvernig þeir skoðuðu safnið til og upplifðu einstaka hluta þess. Voru þær upplýsingar notaðar til að bæta sýningarnar eftir því sem unnt var og verða nýttar við áframhaldandi endurskipulagninu á sýningum safnsins.

## Annað

Á hverju ári berst allnokkuð af erindum og fyrirspurnum frá einstaklingum og stofnunum. Reynt er að greiða úr þeim eftir því hægt er, en kannski ekki alltaf skírar línur um hvort það er safnvörður Byggðasafns Dalamanna eða héraðsskjalavörður Héraðsskjalasafns Dalasýslu sem er að svara.

Farskóli FÍSOS á Akureyri var sóttur daganna 19.-21. september.

*Laugum 31. ágúst 2013*

*Valdís Einarsdóttir*